

**Nr. 18-139 S 091 Óskar ÞH 234*****Vélarvana og dreginn til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 2163  
*Útgerð:* Moshlíð ehf.  
*Smíðaður:* Hveragerði 1992, plast  
*Stærð:* 8,18 brl. 5,16 bt.  
*Mesta lengd:* 9,10 m *Skráð lengd:* 7,74 m  
*Breidd:* 2,78 m *Dýpt:* 1,13 m  
*Vél:* Cummins 187 kW, 2000  
*Fjöldi skipverja:* 1



Óskar©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 23. júlí 2018 var Óskar ÞH 234 á strandveiðum á NA miðum. Veður: NA 3-5 m/sek. (*Húsavík*)

Á veiðunum missti báturinn stýri og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Jón Kjartansson dró Óskar til hafnar á Húsavík.

***Við rannsókn kom fram:***

- að í ljós kom að stýristjakkur hafði bilað vegna tæringar í enda hans.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.